



Borgarráð

Vonarstræti 4 - aðilaskipti

Óskað er eftir að borgarráð samþykkir aðilaskipti að Vonarstræti 4, fastanr. 200-2459 og landnúmer 100898.

Greinargerð: Á fundi borgarráðs þann 20. júlí 2017 var samþykkt að selja fasteignina Vonarstræti 4 til Íslandshótela kt. 630169-2919 skv. kaupsamningi dags. 7. júlí 2017.

Íslandshótel hafa nú gert samning við Höfuðborgareignir kt. 560807-0660 dags. 29. desember 2017 um framsal á réttindum sínum skv. tilvísuðum kaupsamningi dags. 7. júlí 2017.

Lagt er til að borgarráð samþykki framsal á aðilaskiptum að Vonarstræti 4 og að Höfuðborgareignir kt. 560807-0660 verði nýr lóðarhafi, enda gilda sömu skilmálar gagnvart hinum nýja lóðarhafa og giltu gagnvart hinum fyrri.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Viðauki við kaupsamning dags. 29. desember 2017

-VIÐAUKI VIÐ KAUPSAMNING-

Viðað er til kaupsamnings, dags 7. júlí 2017, milli annarsvegar Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 sem seljanda vegna Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar kt. 501170-0119 og hins vegar Íslandshótela hf. kt.630169-2919 sem kaupanda, um fasteignina Vonarstræti 4 í Reykjavík. Nánar til tekið er um að ræða skrifstofubyggingu skráða í fasteignaskrá með fastanúmer 200-2759 og landnúmer 100898.

Með viðauka þessum staðfesta aðilar að Íslandshótel hf. hefur framselt réttindi sín skv. til vísuðum kaupsamning til Höfuðborgareigna ehf. kt.560807-0660. Taka Höfuðborgareignir ehf. því hér með við öllum réttindum og skyldum Íslandshótela hf. skv. til vísuðum kaupsamningi og telst eftirleiðis vera kaupandi skv. honum. Viðauka þessum er ekki ætlað að breyta skilmálum til vísaðs kaupsamnings á nokkurn hátt að öðru leiti.

Ábyrgð Íslandshótela hf. sem kaupanda gagnvart Reykjavíkurborg sem seljanda skal þó haldast óbreytt þar til afsal fyrir eigninni hefur farið fram.

Þessu til staðfestingar er viðauki þessi undirritaður fyrir hönd viðkomandi aðila.

Reykjavík, dags. 29. desember 2017

f.h. Reykjavíkurborgar sem seljanda með fyrirvara um samþykki borgaráðs.

f.h. Íslandshótela hf.

f.h. Höfuðborgareigna ehf.

Vottan

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala